

Travis Didrik Kovaleinen
Bandarískur ríkisborgari
Nemandi við HÍ í tölvunarfræði, giftur dönskum manni
18.11.2011

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt nr.
100/1952

Alþingi
Erindi nr. P 140/348
komudagur 18.11.2011

Góðu meðlimir Allsherjarnefndar,

Fyrst og fremst þakka ég ykkur sérstaklega fyrir að fara yfir umsögn mína.

Í þessari umsögn verður frumvarp Vigdísar Hauksdóttur til laga skoðað af mér sem útlendingur. Ég geri ráð fyrir því að ekki sé annar útlendingur að tjá sig um þetta skaðvænlega frumvarp til laga sem myndi eflaust hafa neikvæð áhrif á löghlýðna útlendinga, verði það að lögum. Ég er sjálfur að sækja um íslenskan ríkisborgararétt á þessu misseri og finnst því gott og viðeigandi að láta í ljós skoðun mína á þessu óþarfa frumvarpi.

Það ber að nefna að núverandi lög eru til staðar til að takast á við þau tilfelli sem falla utan venjulegra laga um veitingu íslensks ríkisborgararéttar, þ.e. með stjórnvaldsmeðferð. Til eru almörg rökrétt dæmi þess að oft er skiljanlegt fyrir fólk að sækja um íslenskan ríkisborgararétt með lögum. Ég segi frá nokkrum málum útlendinga sem hafa sótt um ríkisborgararétt í gegnum Allsherjarnefnd, en þær frásagnir koma fram síðast í þessari umsögn. Ég hvet ykkur til að lesa þær getir þú ekki lesið meginmál umsagnarinnar.

Einkum verður sjónum beint að rökstuðningi Vigdísar, sem er mjög handhófskenndur og verulega lakur. Hún reynir að færa rök fyrir frumvarpi sínu, en nefnir alls konar hluti sem er málinu óviðkomandi í umræðunni 12. október 2011. Ég tel þetta ekkert annað en algjöran hræðsluáróður.

Í fyrsta lagi ekki þarf að afnema núverandi lögum vegna eins meints spillingartilfellis (sem er í raun matsatriði) varðandi konu frá Gvatemala í 2006 sem fékk íslenskan ríkisborgararétt með lögum. Þetta atvik virðist fremst í huga Vigdísar í sambandi við veitingu ríkisborgararéttar með lögum. Það atriði sem einna mikilvægast er að skilja er að þetta var einangrað tilvik og því er það óviðeigandi að Vigdís notar það sem eina ástæðu fyrir því að falla niður 6. gr. laganna um veitingu íslensks ríkisborgararéttar. Það er ekki ár hvert að ákvarðanir undirnefndar Allsherjarnefndar eru umdeildar; reyndar gerist þetta sjaldgæft. Hún nefnir þetta fyrrnefnda mál sem sönnun þess að valdheimild Alþingis að veita ríkisborgararétt ætti að falla niður.

Annað mál sem hún fjallar um í byrjun umræðunnar er ríkisborgararéttur barns sem á líffræðilegt íslenskt foreldri en indversk staðgöngumóðir fæddi það. Íslensku hjónin notuðu aðstoð þessarar staðgöngumóður, en Vigdís varð mjög afskiptasöm í garð þeirra hjóna. Hún nefnir þetta ágreiningsmál (þ.e. einungis hjá henni sjálfri – allir nefndarmenn voru sammála um að veita barninu íslenskan ríkisborgararétt) sem annar þáttur í rökstuðningi sínum. Málið var í raun flóknara vegna nokkurra laga sett af Evrópusambandinu sem varða staðgöngumæðrun, en eins og fyrr var Vigdís mjög altekin ríkisborgarétti á óviðeigandi hátt.

Travis Didrik Kovaleinen
Bandarískur ríkisborgari
Nemandi við HÍ í tölvunarfræði, giftur dönskum manni
18.11.2011

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt nr.
100/1952

Vigdís segir:

„Ég vil með frumvarpi þessu að þessi grein falli niður vegna þess að ég tel að alþingismenn eigi ekki að vera að vasast í því hverjir fá ríkisborgararétt. Slíkt getur boðið upp á spillingu. Þetta felur ekki í sér gegnsæi, hverjir það eru sem fá ríkisborgararéttinn, því það er einungis þriggja manna undirnefnd allsherjar- og menntamálanefndar sem sér þau gögn sem liggja til grundvallar.“

Ég vil bara minna ykkur á það að umsækjendur þurfa að jafnaði að leggja fram sakavottorð frá viðkomandi heimalandi, meðal annarra hefðbundinna gagna. Án tillits til ákvarðana undirnefndarinnar um veitingu ríkisborgararéttar, fylla allir umsækjendur út sömu umsókn og þeir sem uppfylla lög framkvæmdarvalsins. Það er enn fremur ólíklegt að allir þrír meðlimir undirnefndarinnar séu siðspilltir.

Vigdís segir enn fremur:

„Í þriðja lagi vil ég að þessi lagagrein verði felld brott vegna þess að umsækjendur njóta ekki þess jafnræðis að vita hver fær ríkisborgararétt og hver ekki og á hvaða forsendum, þannig að inn í þetta vantar jafnræðisregluna, að sambærilegir aðilar séu meðhöndlaðir á sambærilegan hátt. Þeir einstaklingar sem sækja um ríkisborgararétt með lögum geta ekki komist í gögn hver um annan og því er ómögulegt að upplýsa um það á hvaða reglum er byggt, enda hefur allsherjarnefnd ekki byggt þetta á neinum reglum heldur er það fremur tilfinningalegs eðlis hverjir hljóta náð fyrir þriggja manna nefnd allsherjarnefndar.“

Ég á allavega meiri trú á að Allsherjarnefnd líti á marga mismunandi þætti þegar umsóknir eru skoðaðar hverju sinni. Einnig er hægt fyrir umsækjendur til að skoða lista þeirra einstaklinga sem fengu ríkisborgararétt eftir veitinguna. Ég þekki bandaríska konu sem á íslenska móður (en þessi kona bjó aldrei á Íslandi og móðir hennar sótti aldrei um íslenskan ríkisborgararétt fyrir dóttur sína). Konan, sem er 25, sótti um íslenskan ríkisborgararétt í vor og Allsherjarnefnd veitti henni þann rétt. Nafn hennar var birt í Morgunblaðinu. Nöfn þeirra sem öðluðust íslenskan ríkisborgararétt með veitingu af Allsherjarnefnd voru fyrst birt á vef Alþingsins. Þess vegna hef ég enga hugmynd um það hvað Vigdís meinar með þessu.

Mikilvægt er að fjalla aftur um eftirfarandi sem Vigdís segir:

„Annað ber að nefna. Þingmaður átti tengdadóttur sem fékk ríkisfang í gegnum lagasetningu Alþingis. Það varð allt vitlaust í samfélaginu vegna þess eins og menn muna, en því var stillt upp sem dæmi um spillingu og að þingmenn væru að hygla sínum eigin fjölskyldumeðlimum og þarna væri greiðari aðgangur að ríkisborgararétti fyrir suma en aðra ekki. Þess vegna vil ég afnema 6. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt, að afnumið verði úr lögum að Alþingi geti veitt ríkisborgararétt með lagasetningu.“

Þótt þetta væri ágreiningsmál komu aldrei fram neinar sannanir um að um sérstaka spillingu væri að ræða. Eina forystan sem þessi kona hafði var líklega sú að þingmaðurinn (tengdamóðirin) gæti sagt henni frá því hvornig þetta lagaferli virki og hvað ætti að gera til að sækja um ríkisborgararétt með þeim hætti. Þetta lagaferli er alls ekki eins þekkt og Vigdís

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt nr.
100/1952

segir út frá minni reynslu þegar ég hef talað við bæði Íslendinga og útlendinga um útlendingalög á Íslandi. Almennt séð er það mjög sjaldgæft að maður þekkir til þessara 6. gr. laganna.

Það sem mér finnst mest þirrandi í umræðu Vigdísar er eftirfarandi:

Líkt og fram kemur í fylgiskjali með frumvarpi þessu nýtur einstaklingur ákveðinna réttinda á grundvelli ríkisborgararéttar síns jafnaframt því sem hann ber ákveðnar skyldur gagnvart því ríki hvers ríkisfang hann ber. Sem dæmi má nefna stjórnmalaleg og félagsleg réttindi og landvistarrétt í viðkomandi ríki auk þess sem ríkisborgarar njóta diplómatiskrar verndar frá því ríki.

Atriðin sem hún nefnir hér fyrir ofan eru sönn um ríkisborgararétt, en allir nefndarmenn eru sennilega kunnugir því hvað felur í sér að vera ríkisborgari lands. Útlendingar sem sækja um íslenskan ríkisborgararétt í gegnum Allsherjarnefnd gera það oft einmitt til að öðlast landvistarrétt þegar þeir uppfylla ekki lögin sem Innanríkisráðuneytið notar. Ekki eru til aðrar leiðir og stundum sækir fólk um ríkisborgararétt sem ef allt um þrýtur. Það er mjög siðmennt að leyfa fólki að sækja um ríkisborgararétt með lögum. Allsherjarnefnd sér þau gögn sem umsækjendur leggja fyrir, enda eru þau sömu gögnin og aðrir leggja fyrir til að sækja um ríkisborgararétt hjá Ráðuneytinu. Vigdís gefur í skyn að fólk sem sækir um íslenskan ríkisborgararétt í gegnum Allsherjarnefnd segi ekki hvert það er, en ef maður segir ekki hver hann er þá finnst mér ekki líklegt að þriggja manna undirnefndin muni fallast á umsókn hans. Eitthvað annað væri óskynsamlegt en nefndirmenn vita það.

Vigdís segir að:

„Í framhaldi af þessu, frú forseti, langar mig til að benda á það að ekki fyrir svo löngu sóttu tíu Kanadamenn um ríkisborgararétt á grundvelli þessa lagaákvæðis, 6. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt, og hétu því í staðinn að koma inn í landið með 2 þús. milljarða til fjárfestinga. Það mál vakti mjög mikla athygli og fékk mikla umfjöllun, en þarna var raunverulega verið að segja að ef Alþingi mundi setja lög um að þessir einstaklingar ásamt fjölskyldum, 30 aðilar, utan Evrópska efnahagssvæðisins, fengju ríkisborgararétt kæmu þeir með þetta fjármagn inn í landið. Þetta eru alvarlegir hlutir og sýnir að það erum við sem þurfum að standa vörð um þann rétt sem við setjum sem einstaklingar í þjóðfélagi og löggjafi í réttarríki. Það er augljóst mál að aðilar utan Íslands, utan Evrópska efnahagssvæðisins, skoða hreinlega hverja einustu löggjöf sem héðan kemur og þau lög sem í gildi eru. Var þessi umsókn mjög vel rökstudd, en var á sínum tíma tekin fyrir í allsherjarnefnd og var vísað frá á óformlegum fundi vegna þess að ekki myndaðist stemning fyrir því að taka málið fyrir formlega.

Þetta sannar að lagakerfi okkar er gegnumlýst af einstaklingum sem kannski eru á gráu svæði varðandi ýmis mál. Til dæmis voru umræddir einstaklingar ekki búnir að skila inn sakavottorði og gátu jafnvel ekki upplýst hverjir þeir væru.“

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt nr.
100/1952

Eftir þessa grein segir Vigdís að hún sé „mjög hrifin“ af þeirri leið sem Kanadabúar nota til að fá fjárfesta til landsins, en sú leið sem kallast „The Immigrant Investor Program“ er alls ekki til í sambærilegu formi á Íslandi. Ekki er hægt að fá búsetuleyfi vegna áætalaðra fjárfesta; ef maður er frá ríki utan Schengen-svæðisins þá þarf hann að sækja um atvinnuleyfi hjá íslensku fyrirtæki eins og hún segir. Þetta er afar öðruvísi en sú leið sem er opin fjárfestum sem vilja koma til Kanada. Ég nefndi þetta bara til að varpa ljósi á þá staðreynd að rökstuðningur Vigdísar byggst ekki á réttum upplýsingum.

Að lokum vil ég segja að frumvarp Vigdísar sé skaðlegt og muni hafa neikvæð áhrif á útlendinga og íslenskt samfélag. Hún nefnir aðeins nokkur einsdæmi um atvik sem hún telur einkenna misnotkun veitingar ríkisborgararéttar og heldur því fram að Allsherjarnefndin sé að skemma íslenskan ríkisborgararétt með því að veita of mörgum einstaklingum þann rétt. Hins vegar fjallar hún ekki um nein dæmi þess að veiting ríkisborgararéttar valdi vandamálum. Erfiðleikar sem hún hugsaði upp með indversku ríkisstjórn urðu aldrei að veruleika (í sambandi við Jóel Farsæth, barnið sem staðgöngumóðir fæddi í Indlandi).

Valdheimild Alþingsins um að veita ríkisborgararétt er mikilvægur réttur sem á aldrei að falla niður.

Frásagnir um mál útlendinga sem hafa sóttu um íslenskan ríkisborgararétt í gegnum Allsherjarnefnd

- 1) Breti sem ég þekki frá Skjali Þýðingum. Hann bjó á Íslandi í meira en 5 ár. Hann er giftur íslenskri konu og saman eiga þau barn. Hann vinnur, er vel menntaður og á hreint sakavottorð. Einnig talar hann reiprennandi íslensku. Hann fór til Bretlands og dvaldi þar á 4-5 mánuðum einhvern tíma við lok 5 ára tímabils sem krefst lögum samkvæmt til þess að öðlast íslenskan ríkisborgararétt með framkvæmdarvaldinu. Hann hefði þurft að bíða 5 ár í viðbót til að vera löglega hæfur til að sækja um íslenskan ríkisborgararétt frá því að hann kom aftur til landsins. Þar sem hann var verktaki áður en hann fór að vinna hjá þýðingastofu var ekki afar óeðlilegt að hann dvaldi nokkra mánuði í Bretlandi og kom svo aftur heim til Íslands.
 - a. Lögin eru mikilvæg, en það vantar fólk til að meta sérstök tilfelli eins og mál þessa Breta.
 - b. Samkvæmt lögum má útlendingur sem á dvalarleyfi ekki vera í útlöndum meira en 3 mánuði samfelld innan eins árs. Annars endurbýrjar talninginn (þ.e. 5 ár fyrir þá sem eru giftir Íslendingi og 7 ára fyrir alla aðra). Sérstakar tegundir dvalarleyfa gilda ekkert í talningunni (t.d. dvalarleyfi vegna náms)

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt nr.
100/1952

- c. Væri það ekki ósanngjarnt að neyða honum til að bíða aftur til að vera löglega hæfur til að öðlast íslenskan ríkisborgararétt?
 - d. Ég er að glímast við sama vandamál þar sem það er möguleiki að ég vil eyða 3,5 mánaða sumri í Bandaríkjunum en ef ég myndi gera það þá endurbýrjar talning þess að ég geti orðið löglega hæfur til að sækja um íslenskan ríkisborgararétt. Í mínu tilfelli þýðir það að ég þurfi að bíða 7 ár eftir ferðina svo að ég gæti uppfyllt lagagrein um stöðuga dvöl. Mér finnst þetta ósanngjarnt fyrir þá sem hafa aðalagast samfélaginu og eru virkir í því, tala tungumálið og taka frumkvæði. En engar undanþágur eru til um slík mál nema maður sæki um íslenskan ríkisborgararétt í gegnum Allsherjarnefnd.
 - e. Þessi maður fékk íslenskan ríkisborgararétt með lögum að lokum og býr enn þá á Íslandi ásamt íslenskri konu sinni og fjölskyldunni.
- 2) Íslensk kona flutti til Bandaríkjanna árið 1980. Hún fæddi stelpu í 1987 í Bandaríkjunum með bandarískum kærasta. Í 2010 ákveður dóttirin að fara í skiptinám til heimalands móður sinnar. Hún hefur aðeins ferðast til Íslands nokkrum sinnum áður en talar nokkra íslensku. Móðir hennar hefur ekki haft lögheimili á Íslandi síðan hún flutti til Bandaríkjanna. Þetta þýðir að dóttir hennar má ekki öðlast íslenskan ríkisborgararétt á grundvelli þess að móðir hennar á þann rétt vegna þess að móðirinn hafði aldrei haft lögheimili á Íslandi eftir fæðingu dóttur sinnar. Konunni líkar vel við íslensku fjölskylduna sína, lærir meistaranám í HÍ, er mannvænleg, vinnur og nær tókum á íslensku máli mjög hratt. Hún sér fyrir sér gott líf á Íslandi og vill geta búið á Íslandi án þess að hafa áhyggjur af því að t.d. Vinnumálastofnun hafnir atvinnuleyfi hennar eftir útskrift hennar. Framkvæmdarvald gerir enga grein fyrir slíkum málum.
- a. Þessi kona sótti um íslenskan ríkisborgararétt í gegnum Allsherjarnefnd vorið 2011 og fékk þann rétt. Hún er í meistaranámi í alþjóðlegum samskiptum og er enn þá með íslenska kærastanum sínum. Hún segist vera afar þakklát að verða íslenskur ríkisborgari og nýtur lífs síns vel á Íslandi.
 - b. Án valdheimildar Alþingis væri líf hennar alls ekki það sama. Hún þyrfti að öllum líkindum að fara aftur til Bandaríkjanna eftir útskrift sinnar. Ólíklegt er að telja að Vinnumálastofnun muni veita konunni atvinnuleyfi, þrátt fyrir menntun hennar, vegna aldurs og skorts á atvinnureynslu. En hver sem er frá Schengen-svæðinu getur einfaldlega fengið dvalarleyfi á Íslandi án þess að læra tungumálið eða að vera vel menntaður. Er ekki sanngjarnt að Alþingi getur ákveðið um sérstök mál hverju sinni?
 - c. Ég tel þessi valdheimild Alþingis að veita útlendingum ríkisborgararétt vera einstakur fullveldisréttur.
- 3) **(Skilyrt)** Kona sem er ríkisborgari lands sem er ekki aðili að Schengen-samningum kemur til Íslands sem skiptinemi í 2001. Hún fær íslenskan kærasta í 2002 og svo giftast þau í 2005. Hún hafði dvalarleyfi vegna náms þar til 2005. Í miðju 2007 leitar

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt nr.
100/1952

hún skjóls vegna heimildisofbeldis og maðurinn hennar skilur við hana. Hún er ófrjósöm en vill eignast barn. Ef hún hefði ekki verið ófrjósöm, þá gæti hún fengið dvalarleyfi kannski á grundvelli þess að hún ætti barn á framfæri hennar. En sú er ekki raunin. Hún talar íslensku og eyddi nokkrum árum í að læra hana, og vinnur nú í faglærðri atvinnugrein, en Vinnumálastofnun hafnar umsókn hennar um atvinnuleyfi á grundvelli þess að hægt er að ráða einhvern annan frá Schengen í atvinnugrein hennar. Hún á fjölmarga íslenska vini, enda hefur hún búið hérlendis 6,5 ár og á algjörlega hreint sakavottorð. Hvað á hún að gera? Ef frumvarp Vigdísar Hauksdóttur verður að lögum þá á þessi skilyrta kona engra kosta vöð en að fara til fæðingarlands síns þar sem hún getur greinlega ekki fengið annað dvalarleyfi án þess að vera giftur fyrrverandi ofbeldissinnaða manningnum sínum. Framkvæmdarvaldið gerir enga grein fyrir slíkum tilfellum, en Allsherjarnefnd getur alltaf metið einstök mál á mannúðlegan hátt. Allsherjarnefnd verndar ríkisborgararétt á þann hátt að hún er mannlegur þáttur í þessu lagaferli.

- a. Ég dreg þá ályktun að Vigdís vill fjarlægja samúð úr lögnum þar sem Allsherjarnefnd gegnir því mikilvæga hlutverki að geta metið hvert mál fyrir sig.
- b. Þetta skilyrta mál er, tel ég, ekki einsdæmi.